

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

Simar: 4312740 og 4312750

netf: heilbrigdiseftirlit@vesturland.is

Hvalfjarðarsveit, 5. júní 2015.

Akraneskaupstaður
bæjarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir
Stillholti 16-18
300 Akranes
Netf: regina.asvaldsdottir@akranes.is

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HeV) hefur móttekið bréf bæjarstjóra, dags. 29.05.2015 þar sem óskað er umsagnar vegna breytrar gjaldskrár fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi 2014 sem samþykkt var með ársreikningi á bæjarstjórnarfundi hinn 12. maí s.l.

Með erindinu fylgdi tillaga að breytti gjaldskrá, undirritaður ársreikningur Gámu 2014 og gögn úr ársreikningi Akraneskaupstaðar vegna sorpmála.

Í bréfi bæjarstjóra er greint frá úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem m.a. eru gerðar athugasemdir við formgalla við setningu gjaldskrár þar sem heilbrigðisnefnd hafi ekki gefið umsögn sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

HeV telur að efnisatriði gjaldskrárinnar sé í samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

HeV gerir því ekki athugasemdir við fyrirliggjandi breytingar á gjaldskránni.

HeV vill að gefnu tilefni benda á bókun sem samþykkt var á seinasta stjórnarfundi heilbrigðisnefndar:

„Heilbrigðisnefnd álítur að úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 30/2015 sem kveðinn var upp þann 27. mars 2015 marki tímamót þar sem heilbrigðisnefnd sé falin umsögn sem varðar fjármál sveitarfélaga. Nefndin telur að ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir séu túkuð mjög þróngt með þessum úrskurði. Gjaldskrá sveitarfélaga um sorphirðu og -eyðingu á sér einnig stoð í lögum nr. 55/2003 (23. gr) en í þeim er ekki gerð krafa um að afla verði umsagnar heilbrigðisnefndar um gjaldskrá vegna sorphirðu- og sorpeyðingargjalda og því er til staðar augljóst misræmi í lögum sem úrskurðarnefndin tekur því miður ekki afstöðu til.

Framkvæmdastjóra falið að senda Alþingi bréf þar sem óskað er eftir að lög er varða gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingu verði endurskoðuð með þetta í huga“.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
framkv. stj. heilbrigðiseftirlits.